

78

	Fluttar	Kr. a.
4. Til hitunar	122	73
5. Til áhalda og viðgjörða	221	85
6. Til kand. Hallgríms Melsteðs fyrir aðstoð við útlán	120	»
7. Brunabótagjald fyrir safnið	99	74
8. Ýmisleg útgjöld	17	60
9. Til jafnaðar móti 4. tekjulið	430	»
10. Eptirstöðvar:		
a. konungleg uppsegjanleg skuldabryf	3250	»
b. innritunarskrifteini Ltr. G. Fol. 120	2800	»
c. í sjóði hjá gjaldkera	603	5
	6653	5
	Gjöld alls	9055 15

Stiptysfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík 31. marz 1885.

Magnús Stephensen *P. Pjetursson.*
settur.

79

24. ágúst. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ágríp af gjaldabókum yfir útflutningsgjald.** — Í þóknanlegu brjefi 28. jan. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, spurst fyrir um það, hvort hálfsmisseris ágríp þau, af gjaldabókum yfir útflutningsgjald af fiski lýsi o. fl. sem fyrirskipuð eru í reglugjörð 6. júlí 1882, eigi ekki að sæta sömu kjörum og útskriptir af tollgjaldabókum þeim og almennum gjaldabókum, sem fyrirskipuð eru í 11. og 12. gr. reglugjörðar 13. febr. 1873, þannig að þau beri einnig að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar að þó að það sje ekki berum orðum tekið fram í ofanefndri reglugjörð 6. júlí 1882, virðist bezt við eiga, eptirlitsins vegna, að ágrípin af gjaldabókunum yfir útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. sjeu einsog aðrir gjaldabókarútdrættir sendir amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

80

29. ágúst. **Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um lán til kirkjubyggingar.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Holti í Önundarfirði og meðmælum hinna heiðruðu stiptysfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu í gær, vil jeg hjermeð veita Holtsprestakalli í Önundarfirði 700 kr. lán úr viðlagasjóði til endurbyggingar kirkjunnar að Stað í Súgandafirði, gegn því að lán þetta, auk 4% vaxta, verði endurborgað af tekjum Holtsprestakalls með 100 kr. á ári í 7 ár.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

81

29. ágúst. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lán til byggingar alþýðuskólahúss.** — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu og samþykki yðar, herra amtmaður, fyrir amtsráðsins hönd, vil jeg hjermeð